

Tilkynningar flugatvika

[aviationreporting.eu](http://www.aviationreporting.eu)

Í nýrri reglugerð 900/2017 (EU 376/2014) um tilkynningu atvika í almenningssflugi, greiningu og eftirfylgni þeirra er kveðið á um að tilkynningar skuli vera samrýmanlegar Eccairs (ADREP) flokkunarkerfinu. Mörg atvikaskráningarkerfi fyrirtækja eru með þessa lausn en fyrir þá sem vilja tilkynninga beint til Samgöngustofu þá á að nýta sér Íslandsgáttina á heimasíðunni:

<http://www.aviationreporting.eu>

Ef valið er að tilkynna fyrir sjálfan sig sem einkaflugmann þá er eyðublaðið í einfölduðu formi þar sem ekki er krafist eins mikilla upplýsinga.

Ef valið er að tilkynninga fyrir hönd fyrirtækis er hægt velja á milli fimm eyðublaða fyrir: flugrekstur, flugvelli og flugafgreiðslu, flugleiðsöguþjónustu, viðhald og einkaflug.

Hægt er að hlaða niður öllum eyðublöðunum. Útfyllt eyðublað má senda á: mandatory.reporting@icetra.is eða hlaða því upp aftur á heimasíðunni [aviationreporting.eu](http://www.aviationreporting.eu)

Hægt er að senda inn valfrjálssar tilkynningar til Samgöngustofu með þrennum hætti:

1. í gegnum netfangið: voluntary.reporting@icetra.is
2. í gegnum Íslandsgáttina á heimasíðunni:
www.aviationreporting.eu
3. með nafnlausri ábendingu um flugöryggi á heimasíðu Samgöngustofu. Slóðin er:
<http://www.samgongustofa.is/flug/oryggistilkynningar>